



24. stjórnarfundur LH

25. febrúar 2018 kl. 11:00 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Helga B. Helgadóttir ritari, Sóley Margeirsdóttir fyrsti varamaður og Stefán G. Ármannsson annar varamaður.

Fjarverandi: Haukur Baldvinsson, Andrea M. Þorvaldsdóttir, Eyþór Gíslason, Rúnar Bragason, Ingimar Ingimarsson og Magnús Benediktsson.

1. Formaður setur fund og skipar fundarstjóra

LÁH setti fundinn og skipaði Stefán G. Ármannsson fundarstjóra.

2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

Fundargerð 23. fundar samþykkt.

3. Verkefnalistinn – Trello

Ekki tekið fyrir.

4. Ársreikningur

Farið var vel yfir drög að ársreikningi sambandsins 2017 og góðar umræður sköpuðust um fjárhaginn og hin ýmsu verkefni. Gjaldkeri og Berglind Ragnarsdóttir endurskoðandi munu taka athugasemdir stjórnarmanna til greina og vinna lokaútgáfu ársreiknings.

5. Afrekshópur 2018

Samþykkt að veita 800.000 kr í verkefnið árið 2018.

6. Skógarhólar

a. Hugmynd að rekstri hestaleigu á svæðinu

Stjórn telur ekki hag í rekstri hestaleigu á svæðinu að svo stöddu, margir þættir spila þar inní. Stjórn telur ráðlegast að halda rekstrinum óbreyttum frá síðastliðnum tveimur árum.

b. Staðarhaldarar

Stjórn samþykkir að endurnýja samning við þau Bergdísí Finnbogadóttur og Árna Guðmundsson fyrir sumarið 2018. LÁH og HBH fara yfir samninginn og uppfæra.

7. Nýi Sportfengur

HBH, JDB, ÓP og SM fóru yfir reynslu sína af nýja kerfinu. Ennþá er ýmislegt sem þarf að laga og það ríður á að koma námskeiðum fyrir mótshaldara í gang og gera ítarlegri leiðbeiningar til að auðvelda fólki að vinna í kerfinu.

Annars er fólk almennt ánægt með kerfið og finnst það einfalt í notkun.



8. Uppskeruhátíð

a. Uppgjör

- i. HKG, ÓP og Sveinn Steinarsson klára uppgjör milli LH og FHB.

b. Dagsetning

- i. Samþykkt 3. nóvember 2018.

c. Umsjón

- i. Skrifstofa óskar eftir tilboðum frá hótelum, Gullhömrum o.fl. vegna þessa.

9. Formannafundur Norðurlandafjóðanna

- a. Fundurinn verður haldinn í Herning í Danmörku 7.-8. apríl 2018. Samþykkt að LÁH fari fyrir hönd LH.

10. Íslandsmet Bjarna Bjarnasonar í 250m skeiði á LM 2016

- a. Metið samþykkt. Mettíminn var 21.41 sek.

11. Vefur LH

- a. HKG kynnti nýjan vef. Búið er að setja nýjan vef í loftið og lítur hann vel út. Ennþá er nokkur vinna eftir í efni hans og munu starfsmenn halda henni áfram.

12. Til kynningar og bókunar

a. Úthlutun á ríkisstyrk til sérsambanda ÍSÍ 2018

Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkti á fundi sínum 1. febrúar sl. meðfylgjandi tillögur fjármálaráðs ÍSÍ um úthlutun ríkisstyrks til sérsambanda fyrir árið 2018. Til úthlutunar eru 95.000.000 kr. sem er óbreytt framlag frá árinu 2017.

Tilgangur með styrknum er að vinna að því grundvallarmarkmiði sem sett var í upphafi, að hvert sérsamband fengi til framtíðar framlag til að standa undir nauðsynlegri þjónustu með rekstri á eigin skrifstofu. Styrkirnir verða greiddir út í þrennu lagi. Fyrsta greiðsla 30. mars nk., önnur greiðsla 30. júlí nk. og lokagreiðsla 30. nóvember nk. Lokagreiðsla er háð skilum á greinagerð og fjárhagslegu uppgjöri á eyðublaði sem hægt er að nálgast hjá gjaldkera ÍSÍ.

Landssamband hestamannafélaga fær 3.550.000 kr.

b. Staðan á appinu hjá tölvuunefnd LH

Fasi 0 hófst viku síðar en ráð hafði verið fyrir gert vegna veikinda hjá Anitar en þessi fyrsti fasi er nú í gangi og snýst aðallega um fyrstu drög að útlitshönnunum og aðra skipulagsvinnu fyrir framhaldið. Von er á fyrstu skýrslu frá Anitar fljótlega, þá verður fundað og haldið áfram og farið í fasa 1 sem er ákveðnari greining og



skipulagning á verkefninu. Að loknum fasa 1 verður komin mun nákvæmari áætlun fyrir allt verkefnið, bæði varðandi tímalengd og kostnað. Það er þá sem tölvunefnd mun fara yfir þær áætlanir og ef þær benda þá til umtalsvert meiri kostnaðar en áður var talið þá verður málið borið undir stjórn LH áður en lengra verður haldið.

- c. **Stuðningur við umsókn Hólaskóla um styrk frá Þróunarframlagi til hrossaræktar**
Sveinn Steinarsson formaður Félags hrossabænda og Lárus Ástmar Hannesson formaður Landssamband hestamanna sendu bréf til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þar sem þeir leggja eindregið til að Háskólinn á Hólum sem hefur umsjón með Knapamerkjunum fái stuðning að upphæð **4.9 milljónir** til þýðingar og útgáfu á knapamerkjabókum 4 og 5.

13. Önnur mál

- a. **Hestadagar**

HBH, JDB og HKG skoða kostnaðarliði vegna 2017. Einnig munu þær reyna að fá fund með Áshildi Bragadóttur forstöðumanni Höfuðborgarstofu vegna HD 2018. Ákvörðun um fyrirkomulag HD tekin á næsta fundi.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið um
Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir*